

Nd.

300. Nefndarálit

[159. mál]

um frv. til l. um Olíusjóð fiskiskipa, olíugjald o. fl.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Megineinkenni stjórnarstefnu núverandi ríkisstjórnar hafa verið bráðabirgðalausnir og skammtímaráðstafanir.

Ytri aðstæður efnahagsmála hafa aldrei verið hagstæðari neinni ríkisstjórn en þessari fyrstu tvö stjórnarár hennar.

Yfirlýsingar einstakra ráðherra eru athyglisverðar, t. d. að „við séum að sökkva í ísbyggilega skuldasöfnun“, að „á sé skollin mesta efnahagskreppa á síðustu áratugum“, og einn þeirra hefur sagt að það, sem einkenni störf hennar við stjórn efnahagsmála, sé: „of lítið — of seint.“

Þegar verðbótaskerðingin á laun 1. des. s. l. er meðtalin, en hún reyndist 7.71%, auk hækkunar vörugjalds, hafa verðbætur á laun verið skertar á öllum verðbótareikningsdög- unum fjórum á s. l. ári, eða sem hér segir:

1. mars	2.19%	vegna Ólafslaga
1. júní	0.60%	vegna Ólafslaga
1. sept.	4.30%	vegna Ólafslaga og samninga ASÍ (2.9%)
1. des.	2.09%	vegna Ólafslaga og
1. des.	7.71%	vegna bráðabirgðalaganna.

Samanlagt er þetta tæplega 18% skerðing verðbóta á árinu 1982.

Auk þess var vísitalan greidd niður um 6 prósentustig fyrri hluta ársins. Samt var verðbólgan 1982 frá ársbyrjun til ársloka 64—65% miðað við byggingarvísitölu.

Þegar bent er á þennan feril ríkisstjórnarinnar á árinu 1982 þarf engan að undra þótt hún leitaði ekki að bestu leið þegar afla þurfti fjármuna til að endar næðu saman við ákvörðun fiskverðs.

Á margar fjáröflunarleiðir hefur verið bent, bæði beina fiskuppbót til útgerðarmanna fram hjá skiptum og kjarasamningum sjómanna, öflun fjármuna með hækkun söluskatts, og á fleiri leiðir hefur verið bent, eins og að verður vikið hér á eftir.

Ef ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hefðu orðið við kröfu þingmanna Sjálfstæðis- flokksins, að þing kæmi saman eigi síðar en 4. janúar, hefði mátt skoða og ræða þessar tillögur og velja bestu leiðina.

Í stað þessa lýsti sjávarútvegsráðherra því yfir fyrir áramót, **að hann hefði lagt tillögu fyrir Verðlagsráð um hækkun fiskverðs, sem það hefði samþykkt.**

Í þessum orðum ráðherrans má einna best merkja inn á hvaða villigötur Verðlagsráð hefur borist, því engum er kunnugt um að lagafyrirmæli kveði á um að **sjávarútvegsráðherra eigi neinn tillögurétt í Verðlagsráði sjávarútvegsins.**

Ríkisstjórnin valdi þá leið að bjóða 14% fiskverðshækkun til útgerðar og sjómanna og tókust um þetta samningar milli útgerðar og ríkisstjórnar, auk fleiri atriða sem þessir aðilar sömdu um.

Ekki er kunnugt um að sjómönnum hafi verið boðið upp á samninga, og voru þó fjölmörg félög þeirra með sína kjarasamninga lausa. Samkvæmt frv. um Olíusjód fiskiskipa o. fl. er ákvæði um að 7% olúgjald framlengist, en það kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna („tekið af óskiptu“), og nær þetta ákvæði að sjálfsgöðu einnig yfir 14% fiskverðshækkunina sem framangreindir aðilar sömdu um á gamlársdag.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um starfrækslu Olíusjóðs fiskiskipa á árinu 1983 og fjármögnun hans með 4% útflutningsgjaldi af sjávarafurðaframleiðslu ársins 1983. Er gjaldið miðað við að olía til fiskiskipa verði greidd niður um 35% af olíuverði, en slík niðurgreiðsla er talin kosta um 400 milljónir króna á þessu ári.

Um fleiri atriði hefur verið „samið“, jafnvel atriði, sem ekki komu upp fyrr en **eftir að samningaviðræðum** að viðstöddum fulltrúum Þjóðhagsstofnunar **lauk, fyrir áramót**, sbr. ákvæði 3. málsg. 2. gr. um útflutningsgjald af sölu fiskiskipa í erlendri höfn.

Tilboð ríkisstjórnarinnar var gylliboð til þess að ná fram **einhverri** niðurstöðu fyrir áramót og til þess um leið að telja sjómönnum trú um að þær kjaraskerðingar, sem sjómenn hafa orðið fyrir umfram aðra launþega á liðnum árum, væru með þessu bætтар að fullu. Fyrir þessu féllu nokkrir forustumenn sjómannasamtaka, en sjómenn sjálfir eru í æ ríkara mæli að vakna til meðvitundar um að blekkingin haldi áfram, sem best sést á því, að þessi fiskverðshækkun, sem greiðist af fyrirhuguðu útflutningsgjaldi, á lögum samkvæmt að takast til greina við **næstu** fiskverðsákvörðun sem aukinn kostnaður. Til sanns vegar má færa að þessi leið sé ekki jafntilfinnanleg og ef höggvið hefði verið strax á óskipta hlutinn og af honum tekið beint til styrktar útgerðinni í formi hlutdeildar í rekstrarkostnaði eða til sérstakra uppbóta á fisk til útgerðarmanna.

En á þessu sviði sem flestum öðrum er um skammtímalausn að ræða og styttist nú óðum í milli þess, að henni þurfi að beita. Polendur njóta stundarvarma vegna þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar — það gera þeir líka sem pissa í skó sinn.

Í frv. um Olíusjód fiskiskipa, olúgjald o. fl. eru birtar tvær athyglisverðar töflur sem eiga að sýna höfðingsskap og stórmennsku ríkisstjórnarinnar í garð sjómanna. Önnur er með yfirskriftinni: „**Breytingar fiskverðs og kauptaxta 1977—1983**“, og hin: „**Lauslegar áætlanir um breytingar tekna sjómanna (á botnfiskveiðum), verkamanna og iðnaðarmanna 1977—1982.**“

Þegar hafðar eru í huga fullyrðingar, sem komu fram eftir síðustu fiskverðsákvörðun um að nú væri að fullu bætt sú kjaraskerðing sem sjómenn hefðu orðið fyrir í tíð vinstri stjórna frá 1978—1983, og þessar töflur skoðaðar, sést hversu alvarlegar blekkingar er um að ræða, enda sjá höfundar grg. frv. sér ekki annað fært en að feta sig nær sannleikanum, því þar segir m. a.: „**Fiskverðshækkunin nú réttir verulega hlut sjómanna í samanburði við launþega.**“

Í síðari töflunni er hreinum blekkingum beitt. Annars vegar eru tekjur verkamanna og iðnaðarmanna samkvæmt árlegri úrtaksathugun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar **úr skattframtölum** kvæntra launþega. Í athugasemdum segir svo m. a.:

„Fyrir október 1982 og **janúar 1983** eru sýnd dæmi um breytingar á tekjum sjómanna. Er **miðað við áætlað aflamagn** 1982 og tekið tillit til aukinnar sóknar vegna fjölgunar togara. Hér er um meðaltal að ræða fyrir báta og togara, en **aflasamdrátturinn er nokkru meiri en meðaltalið sýnir hjá togurunum.**“

Hér eru til að ná girnilegri samanburði fyrir sjómenn annars vegar **áætlaðar tekjur fyrir sjómenn** og hefur ekki verið til sparað í áætlun þess aflamagns, sem til grundvallar er lagt. Hins vegar eru skattaframtöl þeirra, sem í landi vinna og hafa fjölmargar leiðir til að drýgja tekjur sínar, án þess að það sé talið fram til skatts, og geta unnið heimili sínu margvíslega, sem sjómaðurinn getur ekki. Sérstaklega ber að benda á þann hópinn sem sjómenn eiga að vera yfir skv. þessari áætlun, þ. e. iðnaðarmenn.

Forustumenn landssamtaka þessarar stéttar eru þeir einu sem hafa haft hug og þor til að kveða upp úr um það mein, sem grafið hefur um sig í þeirra röðum vegna „svartrar

efnahagsstarfsemi“, sem þýðir að ómældar fúlgur tekna koma ekki fram í skattframtölum. Ekki er að undra þótt slík stétt verði undir í viðmiðun við þá sem verða að leggja allar sínar tekjur undir mælistiku skattyfirvalda. Því voru t. d. kennarar, flugfólk og verslunar fólk ekki tekin til samanburðar og þá ekki aðeins laun, heldur vinnutími líka?

Sá dómarrinn, sem marktækastur er þegar skattframtöl eru rædd, má ætla að sé sjálfur fjármálaráðherrann. Í umræðum á Alþingi fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var um láglau nabætur, sagði hann að „**skattframtöl væru hæpnari grundvöllur fyrir greiðslum úr ríkissjóði en ætlað var**“.

Þessi dómur ráðherra sýnir best hvert mark er takandi á slíkum útreikningum reiknimanna. Það er athugunarvert fyrir sjómenn, að aldrei heyrst frá þeim forustumönnum annarra launþegasamtaka og öðrum, sem láta sig varða tekjur sjómanna, þegar vel aflast, neitt um það, hvort réttmætt sé að sjómenn beri eitthvað meira úr bótum en aðrir. Ríkisstjórnin gerir það ekki, sbr. þá áherslu sem er lögð á að ná meðaltekjum sjómanna hið næsta verkamönnum og iðnaðarmönnum og hika ekki við að beita blekkingum til að svo megi verða. Vísast í fylgiskjal I varðandi röksemdir fyrir launamismun þessara hópa sjómönnum í hag.

En til viðbótar því, sem hér hefur verið sagt um þá fullyrðingu, að með 14% fiskverðshækkun um áramót **hafi loks verið bætt fyrir kjaraskerðingar sjómanna umfram aðra**, sem hófust í stjórnartíð Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks og hafa staðið linnulaust síðan, ber að undirstrika eftirfarandi:

Nú viðurkennir ríkisstjórnin að á þessu árabili hafi verið teknar stórkostlegar fjárupphæðir af réttmætum hlut sjómanna án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Það, sem er verra, er **að sjómenn borguðu eins og aðrir sína félagsmálapakka, en hafa ekki fengið nema óverulegan hluta af því sem þeir borguðu fyrir**. Þá má benda á offjölgun fiskiskipastólsins, sem er alfarið mál ríkisstjórnarinnar, en þessu hafa fylgt fleiri skrapdagar, lengra veiðibann og minni tekjur.

Við sjálfstæðismenn höfum á liðnum áratug nokkrum sinnum orðið að grípa inn í gerða kjarasamninga. Þær aðgerðir hafa fært okkur þann lærdóm, að slíkt megi ekki gera nema þjóðarnauðsyn krefjist.

Síendurteknar aðgerðir ríkisstjórnar okkar á þessu sviði jafngilda því í raun, að hún hafi tekið sér alræðisvald í kjaramálum og þannig kippt stöðum undan samningsfrelsi launþega og atvinnurekenda. Þessi ráðandi þáttur í gerðum ríkisstjórnarinnar er því til þess fallinn að leysa aðila vinnumarkaðarins undan ábyrgð á gerð og efndum kjarasamninga. Sjálfstæðismenn eru í grundvallaratriðum andvígir þessum vinnubrögðum og telja að ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á efni gerðra kjarasamninga sé ein af veigameiri forsendum þess, að árangurs sé að vænta í baráttunni við verðbólguna. Afskipti ríkisstjórnarinnar af ákvörðun fiskverðs nú, með þeim hætti sem þetta frv. boðar, hljóta því að auka enn á þá efnahagslegu upplausn er einkennt hefur allt vinstristjórnartímabilið frá 1978 og fram á þennan dag.

Alþingismenn hljóta að gera sér fulla grein fyrir því, að með samþykkt þessa frv. er verið að taka upp að nýju í sjávarútveginum það millifærslukerfi sem afnumið var fyrir um sex árum. Til þess að það tækist var miklu fórn að og miklu til kostað, en allir aðilar málsins voru sammála um að slíkt millifærslukerfi væri með öllu óhafandi.

Nú ætlar ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar að endurreisa Olfusjóð fiskiskipa, sem allir aðilar að fiskverðsákvörðun, sjómenn, útgerðarmenn og fiskkaupendur og Alþingi sjálft, voru sammála um að hverfa frá fyrir 6 árum.

Enn einu sinni á að breyta hlutaskiptasamningi sjómanna og útgerðarmanna vitandi um það stríð sem á eftir að fylgja, sem ekki er óeðlilegt þegar taka á stórar fjárupphæðir fram hjá skiptum af þeim aðilanum sem minna má sín.

Alvarleg tilraun til að leita nýrra leiða út úr þeim vanda, sem óneitanlega er við að glíma, virðist fjarri ríkisstjórninni, enda er hennar meginmál nú að gera sem flestum til

hæfis, móðga engan, hvergi að draga saman og spara, en stíga verðbólguðansinn fastar en áður, ef eitthvað er.

Við 1. umræðu málsins sagði sjávarútvegsráðherra að öll þjóðin tæki á sig áhrif gengislækkunar og gengissigs, sem þessar „aðgerðir“ byggðust á, í hækkuðu vöruverði. Orðrétt sagði hann: „Þetta er gjaldtaka sem öll þjóðin ber“. Hvorki hann né aðrir, sem að þessu standa, hafa séð ástæðu til að undirstrika að þar í eru sjómenn og fjölskyldur þeirra einnig. Og svo hefur verið við allar gengisfellingar sem gerðar hafa verið sjávarútveginum „til aðstoðar“, eins og það er kallað.

Ráðherra vildi ekki hækkan söluskatts, taldi það vafasama leið, því þá væri verið að leggja það beint á neysluvörur almennings að greiða niður olíu til fiskiskipa.

Hver er efnismunur þessara leiða gagnvart almenningi, gagnvart neytendum hér á landi? Ef söluskattsleiðin hefði verið farin var engin goðgá að taka áhrif þeirrar hækkanar út úr vætanlegum verðbótageiðslum, eins og brennivínið, því í þessu tilfelli áttu **allir að skila til baka** nokkru af því sem búið var að **oftaka** frá útgerð og sjómönnum.

Til viðbótar má benda á að alþingismenn hafa um árábil verið sammála um að innheimta á þennan hátt fé til að greiða niður olíuhitunarkostnað hjá hluta þjóðarinnar. Sá aukni kostnaður er að sjálfsögðu viðurkenndur, enda stafar hann af óviðráðanlegum ástæðum, hækkan olíuverðs erlendis. Útgerð og sjómenn ráða heldur engu um hækkan olíuverðs erlendis, enda meginvandi þessa þáttar þaðan kominn. En vandamál undirstöðu-atvinnuvegar Íslendinga er vandamál allrar þjóðarinnar, og því skyldi maður ætla að þjóðin öll ætti að taka þátt í að leysa þann vanda.

Það þykir hvergi goðgá í heiminum, nema máske hér á Íslandi, hjá kreddufólki, að verja efnahagslíf viðkomandi þjóðar gegn slíkri vá með sameiginlegu átaki og fjármagna úr sameiginlegum sjóði stórfellda sérstaka verðhækkun af erlendum uppruna.

Auðvitað kemur að því, að efnahagslífið verður að taka mið af þessum vanda eða þeim hluta hans sem eftir stendur þegar allar hugsanlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr áhrifum hans á efnahagskerfið og einstaka þætti atvinnulífsins og séð er að vandinn er varanlegur.

Öllum er ljóst, sem fylgjast með, að vandamál okkar gegn hugsanlegum stórhækkunum á olíu verður alltaf til staðar.

Það er að sjálfsögðu engin goðgá þótt þjóðin eigi sinn olíujöfnunarsjóð fyrir atvinnuvegina, sem í safnist þegar olíuverð er í lágmarki, en úr honum greitt þegar skyndilegan verðhækkunarvanda ber að. Er þetta raunar í samræmi við stefnu okkar sjálfstæðismanna varðandi ýmsa verðtryggingar- og verðjöfnunarsjóði.

Ekki hefði það átt að letja ríkisstjórnina að fylgja slíkri stefnu þegar haft er í huga að stofn að slíkum sjóði er þegar til og starfandi í raun og er í vörslu fjármálaráðherra.

Orkujöfnunargjald er innheimt með 1½ söluskattsstigi. Á svipuðu verðlagi og lagt er til grundvallar við ákvörðun um 400 millj. kr. þörf útgerðar í olíuniðurgreiðslu er ætlað að **þessi skattur gefi samtals 340 millj. kr. Af þessari upphæð eru aðeins notaðar um 80 millj. kr. til orkujöfnunar**. Þótt þessi orkujöfnun yrði aukin í 130 millj. kr., eða sem næst því sem við sjálfstæðismenn lögðum til við afgreiðslu síðustu fjárlaga, **er um 210 millj. kr. afgangur af þessari skattheimtu, sem nú rennur til almennrar eyðslu ríkisstjórnarinnar**.

Þegar haft er í huga, að útflutningsgjaldið innheimtist miklu síðar en söluskattur og að samkvæmt spá tímaritsins Economist má ætla að markaðsverð olíu lækki um 30% á næstu mánuðum, má gera ráð fyrir að umræddar 210 millj. kr., sem nú fara í verðbólguvæðslu ráðherranna, hefðu dugað fram á haust til að mæta þörf útgerðar fyrir lækkun olíu-kostnaðar.

Fjölmargir útgerðarmenn og enn fleiri sjómenn eru þeirrar skoðunar, að þessa leið hefði átt að fara til nauðsynlegrar fjáröflunar, og engin goðgá hefði verið að ganga markvisst

fram í því að létta kostnaði af útgerðinni eða auka tekjur hennar á annan hátt. Meginmál útgerðar hlaut að vera að hún fengi þá fjármuni sem þurfti til að tryggja rekstur.

Á fylgiskjöllum, sem fylgja með nefndarálini þessu um olímál, má sjá ýmsa þingla sem útgerðinni eru búnir í gegnum olíuverðið, og virðist ekki vanþörf á að kryfja til mergjar ýmsa þeirra.

Sjálfsgjald er að skoða fleiri slíka þætti. Má t. d. benda á það útflutningsgjald sem í gildi er, nýtingu þess og þörf þeirra sem það rennur til. Er einhvers staðar hægt að draga úr? Ber sameiginlegum sjóði landsmanna að taka við einhverjum þeirra útgjaldaliða sem útflutningsgjaldið stendur undir? Við þessum spurningum og fleirum hafa engin svör fengist. Því er sú brtt., sem við sjálfstæðismenn berum fram á sérstöku þingskjali um „ákvæði til bráðabirgða“, m. a. fram komin.

En til þessa liggja fleiri ástæður.

Um nokkurt skeið hefur nefnd verið að störfum sem átti að kanna möguleika þess, að hlutaskiptafyrirkomulaginu yrði breytt. Af lítt skiljanlegum ástæðum er nefnd þessi látin hætta störfum og engar skýringar sendar til þeirra fjölmörgu sjómannafélaga sem eru með kjarasamninga sína lausa.

Nú liggur fyrir að helstu samningsaðilar úr röðum sjómanna hafa lýst áhuga sínum á þessu máli.

10. janúar s. l. ályktaði framkvæmdastjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands m. a. á þessa leið:

„Stöðug íhlutun hins opinbera í fiskverð hvetur sjómenn til að huga að því, hvernig þeir geta með öðrum hætti sótt laun sín heldur en í gegnum hlutaskipti. Hlýtur þar annað launafyrirkomulag, t. a. m. eins og tíðkast á stóru togurunum, að koma sterklega til greina.“

Sunnudaginn 30. janúar var haldinn formannafundur Sjómannasambands Íslands. Þar var m. a. samþykkt „að kjósa nefnd manna er falið verði að kanna möguleika á annars konar launakerfi fyrir sjómenn en nú gildir“.

Ef ekki næst samkomulag í Verðlagsráði fyrir tilskilinn tíma, þ. e. 20 dögum fyrir upphaf hvers verðlagstímabils, er ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin er skipuð 5 mönnum. Eru tveir tilnefndir af fiskseljendum, annar fulltrúi úr hópi sjómanna, en hinn fulltrúi úr Landssambandi íslenskra útvegsmanna, og má hann ekki eiga neina aðild að fiskkaupum. Fiskkaupendur í Verðlagsráði tilnefna tvo menn, en oddamaður er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Úrskurðir yfirnefndar eru fullnaðarúrskurðir og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum, eins og segir í lögum. Verðákvæðanir Verðlagsráðs verða að taka mið af fjölmörgum atriðum. Hér verða talin fimm helstu atriðin:

Í fyrsta lagi: **Markaðsverð sjávarafurða erlendis og það verð, sem framleiðendur hér á landi fá í hendur, að teknu tilliti til sölu, flutnings og tryggingakostnaðar, auk útflutningsgjalda og greiðslna úr eða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.**

Í öðru lagi: **Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.**

Í þriðja lagi: **Útgerðarkostnaður og afkoma útgerðarinnar.**

Í fjórða lagi: **Tekjur sjómanna og launapróun í landinu yfirleitt**

Og í fimmta lagi: **Almennar aðstæður í þjóðarbúskapnum.**

Mörgum finnst síðasta fiskverðsákvörðun yfirnefndar tekin með nokkuð einkennilegum hætti, þ. e. tveir samþykkja fiskverð, einn á móti og tveir sitja hjá. Sé litið til ákvarðana Verðlagsráðs um almennt fiskverð á tímabilinu 1962—1977 kemur í ljós að samkomulag í Verðlagsráði hefur orðið 7 sinnum. Í 26 skipti hefur orðið að vísa málum til yfirnefndar og hafa ákvarðanir þá verið teknar þannig, þ. e. atkvæðagreiðsla hefur verið með eftirtöldum hætti: Í átta skipti hefur orðið samkomulag yfirnefndarmanna. Í tvö skipti hafa oddamaður, kaupendur og einn seljandi samþykkt verðið. Í eitt skipti hafa oddamaður og seljendur, án

móttakvæða kaupenda, samþykkt kaupverð, í níu skipti oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda, í þrjú skipti oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda og í eitt skipti oddamaður, einn kaupandi og einn seljandi, en í tvö skipti hefur verið um hreinan oddamannsúrskurð að ræða.

Nokkuð eru deildar meiningar um ágæti Verðlagsráðs, og sýnist þar sitt hverjum. Samtök sjómanna og einstök stéttarfélag þeirra hafa ályktað um Verðlagsráð, og þótt þær séu ekki allar í sömu átt ber þó öllum saman um nauðsyn þess, að endurskoðun fari fram á verðlagsgrundvellingnum og skipan yfirnefndar.

Þegar svo er komið, að oddamaður er nánast sem „jó-jó“ í höndum ráðherra og hann sjálfur veður fram og blandar sér í störf yfirnefndar og brýtur lög um leið, virðist tímabært að gera nokkra breytingu á.

Ekki væri óeðlilegt að hugsa sér sáttasemjara ríkisins eða aðstoðarmann hans í þessu starfi. Embætti hans er lögverndað, og má því ætla að ráðherrar hiki við að grípa fram fyrir hendur hans.

Auk þeirrar brtt., sem við sjálfstæðismenn flytjum um ákvæði til bráðabirgða, áskiljum við okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. febr. 1983.

Pétur Sigurðsson,
frsm.

Halldór Blöndal.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

„SKATTFRÍÐINDI SJÓMANNA“ grein úr Sjómannadagsblaðinu 1982.

Þeir, sem fylgjast með skrifum og ræðuflutningi talsmanna helstu atvinnuvega okkar, hafa sjálfsagt veitt því athygli, að oft hefur verið um lítt eða ódulbúnar árásir að ræða hvers í annars garð.

Ýmsum framámönnum í íslenskum sjávarútvegi hefur stundum þótt sem jöfrar íslensks iðnaðar hafi ekki kunnað sér hóf í árásum sínum á útgerðina, sem hefur m. a. komið fram í tillögum, og fylgni við þær, um að þrengja hag hennar.

Mörgum þykir þetta furðulegt þegar þess er gætt, að allir atvinnuvegir okkar, sem við framleiðslu fást, hafa búið við þröngan kost þótt fleiri greinar megi sjálfsagt telja til.

Samtök iðnrekenda virðast hafa komið ríkisstjórninni á þessar skoðanir sínar, því fylgdi sú ákvörðun forsætisráðherra að setja á stofn nefnd til að kanna aðstöðumun atvinnuveganna.

Fyrir nokkru barst frá þessari nefnd skýrsla um niðurstöður hennar.

Nefndin tók sér sjálf nafnið „Starfsskilyrðanend“, en hún var skipuð af forsætisráðherra og verður því af mér kennd við hann. Ekki ætla ég að drepa efnislega nema á einn þátt þessarar skýrslu, um skattfríðindi sjómanna, aðrir hafa ritað og rætt um hana í heild og einn, sem gott vit hefur á öllum meginþáttum þessara mála, hefur komist að eftirfarandi meginniðurstöðu:

Þessi nefnd forsætisráðherra hefur ekki treyst sér að gera samanburð við sjávarútveg þeirra landa sem standa í samkeppni við okkur um markaði. Þó er vitað og viðurkennt að sjávarútvegur sumra þessara landa byggir beinlínis tilveru sína á aðgerðum stjórnvalda viðkomandi lands, og eru þessar aðgerðir oftast í formi opinberra styrkja, beinna og óbeinna. Virðist erfitt að sjá hvernig nefndin telur sig ná fram réttum samanburði á

starfsskilyrðum íslenskra atvinnuvega öðruvísi en að taka tillit til stöðugar glímu íslensks sjávarútvegs um markaði og markaðsverð við ríkisstyrktan atvinnuveg okkur ríkari þjóða.

Sumir þeirra, sem um hafa fjallað, telja, enda þótt innlendi samanburðurinn sé eingöngu notaður, að staða fiskiðnaðarinnar sé verri en samkeppniðnaðar. Öllum má vera ljóst, að erfitt er að gera samanburð milli samkeppniðnaðar og útgerðar, vegna þess hve greinarnar eru ólíkar, og er þá komið að því sem nefnd forsætisráðherra telur veigamikinn þátt í betri starfsskilyrðum útgerðar en samkeppniðnaðar, en það eru skattfríðindi sjómanna.

Að öllum líkindum hefði ég ekki hreyft þessu máli hér og nú, ef ég teldi ekki tímabært að sjómenn og samtök þeirra færu að huga að sér varðandi þetta mál í ljósi þess sem þegar er komið fram, létu af stétta- og landshlutarig sín í milli, en snerust til varnar allir sem einn, þegar sótt er að sameiginlegum hagsmunum þeirra eins og nú virðist að stefnt.

Um leið og þetta er sagt eru hafðar í huga markvissar aðgerðir af hendi einstakra ráðherra til að kljúfa samstöðu sjómanna á síðastliðnum vetri og brjóta þannig á bak aftur verkfall þeirra.

Þá hef ég einnig í huga aðra aðalfréttina á forsíðu annars aðalmálgagns ríkisstjórnarinnar 9. febrúar s. l. á tveggja ára afmæli hennar, en þar segir m. a. og er vitnað í framangreinda skýrslu:

„Með afnámi skattfríðinda sjómanna mætti lækka tekjuskatt annarra um 5—6%.“

Og aftur er vitnað í skýrsluna, það sem hér segir:

„Fjárhagsleg og félagsleg rök voru færð fyrir lögbindingu þessara frádráttarliða. Þau rök voru grundvölluð á aðstæðum, sem síðan hafa breyst í veigamiklum atriðum. **Að athuguðu máli verður að telja forsendur frádráttanna hæpnar nú**“ (undirstrikun mín).

Það, sem kemur fram í þessum orðum nefndarinnar og víðar í skýrslu hennar, lýsir vel hversu fjarlægir nefndarmenn virðast allri þekkingu á félagslegri þróun síðustu áratuga, a. m. k. þegar launþegar viðkomandi samanburðarhópa eiga í hlut, því mér virðist nauðsynlegt að því dæmi sé einnig stillt upp.

Átakanleg vanþekking er til staðar á starfsskilyrðum íslenskrar sjómannastéttar.

Sóknarþungi og afköst þeirra, sem ryðja eigin heimsmetum svo oft að ekki telst frétt næmt lengur, á erfiðustu og hættulegustu fiskimiðum heims, verða ekki eingöngu þökkun góðum skipum, búnaði og gjöfulemum.

Við, sem þekkjum til þessa atvinnuvegar, til sjómanna og sjósóknar hjá öðrum þjóðum, vitum að íslenskir sjómenn eru með þeim best gerðu og harðduglegustu sem finnast og eiga oft ekki annað sameiginlegt í starfsheitinu með erlendum sjómönnum en að sigla saltan og votan sjó.

Þessi nefnd forsætisráðherra sækir sem rök fyrir afnámi skattfríðindanna nú það sem lagt var fram þeim til stuðnings fyrir nær 30 árum.

Þá eins og nú voru til sjómenn m. a. með þeim eiginleika sem hér er lýst, en þeir fengust ekki um bord í togarana því kjör alls þorra landverkafólks voru miklu betri. Þegar gripið var til þessara fríðinda var svo komið íslenski togaraútgerð að oft þurfti að grípa til örþrifaráða til að fullmanna skipin og koma þeim úr höfn. Vissulega hefur orðið breyting frá þessu ástandi, en annað er enn til staðar og mun því miður verða meðan sjór er sóttur frá Íslandi, en var einnig notað sem röksemd fyrir slíkum fríðindum frá því fyrsta að þau voru orðuð, og kem ég að því síðar.

Um leið og nefndin bendir réttilega á að sumt, sem þá var notað sem rök fyrir veitingu slíkra fríðinda, er ekki lengur til staðar, gerist hún sek um að líta fram hjá þeirri félagslegu þróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu s. l. 30 ár. Og að sjálfsgöðu telur hún enga ástæðu til að vega hvernig sú þróun, sérstaklega sú sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir, hefur dreifst til hinna ýmsu starfsgreina.

Meðal þess, sem finna má í félagslegum umbótum allra síðustu ára, eru lög um 40 stunda vinnuviku landverkafólks, á sama tíma sem „lög um 84 stunda hámarksvinnuviku togarasjómanna“ eru brotin „reglulega“ með vitund og vilja þeirra ráðherra sem eiga að halda vöku sinni í þessum málum sem öðrum og gæta þess, að lög séu ekki brotin á þegnunum.

Einnig má benda á lög um starfskjör og lög um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum. Hafa sum þeirra laga, sem samþykkt hafa verið á síðustu árum á hinu félagslega sviði, sérstök ákvæði þess efnis, að viðkomandi lög nái ekki til sjómanna!

Það er vissara að vera viss og fyrirbyggja hættuna í tíma.

Ekki skal þess látið ógetið, að í hlut sjómanna hafa komið félagslegar umbætur á sama tímabili, en þeim hefur fylgt sá böggull, að sjómenn hafa orðið að borga þær sjálfir í nær öllum tilfellum margföldu verði, með þátttöku í vísitöluleik ríkisstjórnarinnar með lægra fiskverði, með fjölgandi dögum á skrapi, og í veiðibanni, sem stafar að langmestu leyti af offjölgun fiskiskipastólsins.

Sú fjölgun er nær alfarið háð leyfisveitingum ráðherra og því út í hött hjá nefnd forsætisráðherra að ætla sjómönnum að borga þessi „viðvik“ ráðherranna oftast en einu sinni.

Umrædd nefnd er ekki fyrsti aðilinn til að benda á að það eru margir launþegar í okkar þjóðfélagi í dag, sem vegna vinnu sinnar fara á mis við margt af því sem tekið er af þeim gjald fyrir í sameiginlegri skattheimtu, en þeir fá ekki notið vegna atvinnu sinnar og fjarveru, en aðrir landsmenn hafa að sjálfsögðu full not af.

Á þetta hafa samtök sjómanna sjálf bent, auk þeirra aðila sem í hlut eiga. En viðkomandi atvinnugreinar hafa í flestum tilfellum verið svo sterkar að þær hafa getað bætt starfsmönnum sínum þetta með hækkunum launum og/eða fríðindum, eins og virkjunarverktakar. Fjármálaráðherra hefur gengið á undan með góðu fordæmi í sínum samningum og bætt úr smáagnúum, eins og einmanaleik og fjarvist frá fjölskyldu, með allt upp í 100% álagsgreiðslu!

Hér á landi hefur átt sér stað almenn þróun í átt aukinna frístunda og lengra orlofs. Þessu hefur fylgt aukin þátttaka ríkis og sveitarfélaga í að gera borgurunum kleift að njóta sinna frístunda á fjölbreytilegan hátt við leik, íþróttir og nám, og er kostnaður þessu samfara greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Þetta er öllum landsmönnum kunnugt og mun ég ekki tíunda það frekar, en nefni eitt dæmi.

Nám með starfi er auðvelt að komast í og njóta þar með svokallaðrar fullorðinsfræðslu, og munu öldungadeildir menntaskólanna vera einna þekktastar. Slíks náms er sjómönnum með öllu útilokað að njóta.

Á allra síðustu árum hefur sú staðreynd verið viðurkennd, enda vísindalega sönnuð, að mun erfiðara er að standa að störfum til sjós en í landi. Með rannsóknum hefur verið fundið að þetta aukna framlag sjómanna til vinnunnar nemi um 25—30% fram yfir þá sem hafa fast land undir fótum.

Ég minntist á það hér að framan, að meðal þeirra atriða, sem sjómenn hafa alltaf bent á þegar þeir hafa barist fyrir viðurkenningu stjórnvalda á sérstöðu sinni, væri vosbúð í starfi, erfið vinnuaðstaða, fjarveran, óhæfilega langur óverndaður vinnutími, stutt og óörugg starfsævi margra starfshópa og mikil slysatíðni.

Ljóst er að sambærilegar slyskýrslur við hinar ýmsu starfsgreinar í landi munu ekki liggja fyrir frá skipunum um langan aldur, minni háttar slys eru einfaldlega ekki skráð, auk þess sem þar er unnið, þótt um skeinur og kaun sé að ræða, þótt sambærilegur áverki yrði talinn gildi veikindafrídags í landi.

Að ein starfsstétt þjóðfélags þurfi að standa upp eftir hvert starfsár og telja jafnvel í prósentum þann hluta stéttarinnar, sem hefur látið lífið í slysförum í starfi, mun einstakt í heiminum.

Nú eftir tuttugu ára formennsku í Sjómannadagsráði hef ég fyrir framan mig þessar tölur í 18 ár og meðaltalið verður 20 mannslíf á ári.

Öll þau atriði, sem ég hef hér dregið á, eru þess edlis að þau yrðu að takast upp sem þýðingarmiklir þættir í kerfisbundnu starfsmati, ef það væri til staðar, og væru þar metnir til stórhækkunar launa, enda nú þegar viðurkennd um allan hinn vestræna heim sem forsendur sérstakrar kauphækkunar, og sumt, eins og hið síðastnefnda, mundi vega ótrúlega þungt.

Þótt ég hafi hér nær einhliða dregið fram þætti úr lífi og starfi sjómanna okkar mun það auðvelda þeim sem vilja gera samanburð milli starfsmanna í þeim starfsgreinum sem nefnd forsætisráðherra hefur sérstaklega dregið fram. Ég tel að allir þessir þættir séu í sjálfu sér skattfríðinda virði. En um suma er hægt að semja og hefur þegar verið gert, m. a. að forgöngu ríkisstjórnarinnar og iðnrekenda. Yfir aðra verður erfitt að finna tölulegt gildi og enn aðrir eru ómetanlegir, eins og mannslífin, og verða umsamdar tryggingar ekkert viðmiðunardæmi þegar ákveðin dauðsfallatiðni vegna slysa í starfi er orðin fastur þáttur þess.

Nú er ljóst að nefnd forsætisráðherra telur að skattafrádrátt sjómanna beri að leggja niður því upprunalegar forsendur þeirra fríðinda séu ekki lengur fyrir hendi, auk þess sem aðstöðumunur útgerðar og annarra samanburðargreina skekkist.

Nefndin gerir sér ljóst að í kjölfar þessa munu óhjákvæmilega fylgja kröfur sjómanna um laun eða launaígildi, að minnsta kosti á jafnvirðisgrundvelli. Enginn vafi er heldur á að útgerðin axlar ekki þá byrði ein, og ljóst er að stjórnvöld verða að grípa til sérstakra ráðstafana þess vegna og er ekkert sem bendir til þess, að þá verði komist hjá hefðbundnum leiðum, þ. e. stórgengisfellingu.

Þá yrði því náð, sem að er stefnt, að undirlagi þeirra sem fengu nefnd forsætisráðherra setta til starfa, að jafna starfsskilyrði þeirra atvinnuvega sem standa of veikt gagnvart gengisskráningu á hverjum tíma, því „útgerðarfríðindin“ (skattfríðindi sjómanna) haldi gengi of háu!

Í viðtölum mínum að undanfögnu við fjölmarga forustumenn launþegasamtaka hef ég rætt þessi mál og spurt hvort skattfríðindi sjómanna væru ósanngjörn, hvort þau væru ástæða kröfugerðar annarra. Enginn þeirra taldi svo vera, en voru hins vegar sammála um að sjómenn ættu að snúast hart til varnar gegn fram komnum hugmyndum og skýra aðstöðu sína betur en gert hefur verið til þessa.

Ég talaði við einn forustumann iðnverkafólks. Hann kvað fjarri því, að kröfur iðnrekenda ættu uppruna sinn úr þeirra röðum, þeir skildu mætavel sérstöðu sjómannastéttarinnar og teldu sig ekki losna frekar af láglaunastiginu þótt aðrir væru færðir niður á það líka.

Margir þessara aðila töldu að skattfríðindi sjómanna yrðu ekki ástæða fyrir samanburðarkapphlaupi milli stétta og félaga. Hins vegar yrði svo tvímælalaust, ef þessi fríðindi kæmu fram í beinum launagreiðslum.

Flestir töldu það firru kerfismanna, að ekki mætti nota skattfríðindi jafnvel frekar en gert er til margs konar jöfnunar í þjóðfélagi, sbr. það sem ríkisstjórnin sjálf hefur gert — réttilega — fyrir trésmiði og hljóðfæraleikara nýverið.

Meginniðurstaða mín er sú, að ef skattfríðindi sjómanna verða afnumin muni við taka hörð viðbrögð samtaka þeirra, sem að líkindum mundu enda í gengisfellingu. Nýir samningar með kauphækkun fram yfir aðrar stéttir, sem næðu a. m. k. jafngildi fyrri skattfríðinda, mundu enda í skefjalausu samanburðarstríði sem gengi yfir allt þjóðfélagið.

Þetta sjá forustumenn launþega, en þetta virðist nefnd forsætisráðherra ekki sjá. En sjá þeir, sem að baki standa, þetta fyrir?

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Samanburður á verðreikningi gasolíu 28/8/82 og á verði, sem tók gildi 5/8/82.

	Verð, sem tók gildi 5/8/82	%	Verð 28/8/82	%	Mismunur kr. pr. tonn	Hlutdeild í hækkun %
C.i.f.	3,21	70,54	3,60	69,22	0,39	60,00
Opinber gj. excl. landsútsvar ...	0,08	1,76	0,09	1,73	0,01	1,54
Landsútsvar	0,06	1,32	0,07	1,35	0,01	1,54
Dreifingarkostnaður	0,56	12,30	0,63	12,12	0,07	10,77
Verðjöfnunargjald	0,18	3,96	0,18	3,46	0,00	0,00
Tillag v/ríkisábyrgðarláns	0,12	2,64	0,14	2,69	0,02	3,08
Tillag til innkaupajöfnunar- reiknings	0,19	4,18	0,29	5,58	0,10	15,38
Tillag v/ gengisbr.	0,15	3,30	0,20	3,85	0,05	7,69
	4,55	100,00	5,20	100,00	0,65	100,00

Fylgiskjal III.

Opinber gjöld af gasolíu og svartolíu.

	Áætlun um fjárhæð á heilu ári m. v. núgildandi verð		
	Gasolía M. kr.	Svartolía M. kr.	Lög
Magntollur			Tollskrá
Innflutningsgjald	2,7	2,1	Lög nr. 6/1976.
Skattur af umboðspóknun gjaldeyrisbanka	4,5	2,5	Lög um umboðspóknun og geng- ismun gjaldeyrisbanka nr. 40/ 1969 og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 65/1982.
Leyfisgjald ¹⁾	0,5	0,3	Reglugerð nr. 519/1979.
Landsútsvar ²⁾	16	8	Lög um tekjustofna sveitarfé- laga.
Samtals	23,7	12,9	
Hluti af útsöluverði	2,0%	2,3%	

¹⁾ Sá hluti sem rennur í ríkissjóð.

²⁾ 25% af landsútsvari renna beint til þeirra sveitarfélaga, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram, en 75% renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Af þeim 24 milljónum, sem hér um ræðir, fara þannig 6 milljónir króna til einstakra sveitarfélaga, en 18 milljónir fara í jöfnunarsjóð. Þetta eru um 5% af tekjum jöfnunarsjóðsins á þessu ári. Alls þýða 24 milljónir um 1% heildartekjutap sveitarfélaganna.

Fylgiskjal IV.

Samanburður á verðreikningi svartolíu 28/8/82 og á verði, sem tók gildi 5/8/82.

	Verð, sem tók gildi 5/8/82		Verð 28/8/82		Mismunur kr. pr. tonn	Hlutdeild í hækkun %
		%		%		
C.i.f. verð	2 466,72	76,85	2 807,23	75,67	340,51	68,10
Opinber gj. excl. landsútsvar ...	71,18	2,21	78,67	2,12	7,49	1,49
Landsútsvar	42,24	1,32	48,82	1,32	6,58	1,32
Dreifingarkostnaður	288,40	8,98	310,44	8,37	22,04	4,41
Verðjöfnunargjald	130,00	4,05	130,00	3,50	0,00	0,00
Tillag til innkaupjöfnunar- reiknings	116,30	3,62	212,97	5,74	96,67	19,33
Tillag v/ gengisbr.	95,16	2,97	121,87	3,28	26,71	5,35
	3 210,00	100,00	3 710,00	100,00	500,00	100,00

Fylgiskjal V.

Vísitölur olíuvara og framfærslu frá byrjun til loka árs 1981.

1981	Bensín kr./ltr		Gasolía kr./ltr		Svartolía kr./tonn		Vísitala Framfærslu- kostnaðar
	Verð kr./ltr	Vísitala jan. = 100	Verð kr./ltr	Vísitala jan. = 100	Verð kr./tonn	Vísitala jan. = 100	
janúar	5,95	100,0	2,35	100,0	1 710,0	100,0	100,0
febrúar	5,95	100,0	2,35	100,0	1 710,0	100,0	101,6
mars	5,95	100,0	2,60	110,6	2 070,0	121,1	104,7
apríl	5,95	100,0	2,60	110,6	2 070,0	121,1	109,4
maí	5,95	100,0	2,60	110,6	2 070,0	121,1	109,8
júní	6,85	115,1	2,60	110,6	2 070,0	121,1	115,7
júlí	6,85	115,1	2,60	110,6	2 070,0	121,1	118,3
ágúst	6,85	115,1	2,80	119,1	2 070,0	121,1	119,6
september	7,85	131,9	2,80	119,1	2 070,0	121,1	124,3
október	8,00	134,4	2,90	123,4	2 070,0	121,1	127,5
nóvember	8,00	134,4	2,90	123,4	2 070,0	121,1	131,5
desember	8,45	142,0	3,10	131,9	2 200,0	128,7	138,7
	42,0%	42,0%	31,9%	31,9%	28,7%	27,7%	42,5%

NB Verð á olíuvörum í lok hvers mánaðar í þessum útr.

Fylgiskjal VI.

Vísitölur olíuvara og framfærslu frá byrjun til septemberloka 1982.
Allar vísitölur jan. 1981 = 100.


1981	Bensín kr./ltr		Gasolífa kr./ltr		Svartolífa kr./tonn		Vísitala Framfærslu- kostnaðar
	Verð kr./ltr	Vísitala jan. = 100	Verð kr./ltr	Vísitala jan. = 100	Verð kr./tonn	Vísitala jan. = 100	
janúar	8,95	150,4	3,65	155,3	2 470	144,5	141,1
febrúar	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	144,3
mars	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	152,0
apríl	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	158,8
maí	9,45	158,8	3,65	155,3	2 470	144,5	159,9
júní	10,70	179,8	4,20	178,7	2 960	173,2	— *
júlí	10,70	179,8	4,20	178,7	2 960	173,2	—
ágúst	12,20	205,0	5,20	221,2	3 710	217,1	179,0
september	12,20	205,0	5,20	221,2	3 710	217,1	192,7**
		105,0%		121,2%		117,1%	92,7% áætl.

* Milli-vísitölur fyrir júní og júlí liggja enn þá ekki fyrir.

** Áætluð vísitala þar sem gert er ráð fyrir 17% hækkun ágúst—nóv. 1982. Sbr. Þjóðhagsstofnun.


Fylgiskjal VII.

Línurit af vísitölu bensínverðs og framfærslukostnaðar frá 1981—sept. 1982.




Fylgiskjal VIII.

Línurit af vísitölu gasolíuverðs og framfærslukostnaðar frá jan. 1981—sept. 1982.



Fylgiskjal IX.

Línurit af vísitölu svartolíuverðs og framfærslukostnaðar frá jan. 1981—sept. 1982.



Fylgiskjal X.

September 1982

Verð í gildi árin 1981 og 1982

Dags.	Bensín kr./ltr.	Gasolía kr./ltr.	Svartolía kr./tonn.
31/12'80	595.00 gkr. (34/12'80)	234.05 gkr. (23/12'80)	171 000.00 gkr. (24/12'80)
31/01'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.35 nýkr. (01/01'81)	1 710.00 nýkr. (24/12'80)
28/02'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.35 nýkr. (01/01'81)	1 710.00 nýkr. (24/12'80)
31/03'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/04'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/05'81	5.95 nýkr. (24/12'80)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/06'81	6.85 nýkr. (02/06'81)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/07'81	6.85 nýkr. (02/06'81)	2.60 nýkr. (11/03'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/08'81	6.85 nýkr. (02/06'81)	2.80 nýkr. (21/08'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/09'81	7.85 nýkr. (02/09'81)	2.80 nýkr. (21/08'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/10'81	8.00 nýkr. (16/10'81)	2.90 nýkr. (16/10'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
30/11'81	8.00 nýkr. (16/10'81)	2.90 nýkr. (16/10'81)	2 070.00 nýkr. (11/03'81)
31/12'81	8.45 nýkr. (02/12'81)	3.10 nýkr. (02/12'81)	2 200.00 nýkr. (02/12'81)
30/01'82	8.95 (5.9%)	3.65 (17.74%)	2 470.00 (12.3%)
06/02'82	9.45 (5.6%)	3.65 (17.74%)	2 470.00 (12.3%)
12/06'82	10.70 (13.2%)	4.20 (15%)	2 960.00 (19.8%)
05/08'82	11.20 (4.6%)	4.55 (8.4%)	3 210.00 (8.4%)
27/08'82	12.20 (8.9%)	5.20 (14.3%)	3 710.00 (15.6%)